

Nefndasvið Alþingis — umhverfisnefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík
krb@althingi.is

Dags. 10.12.2009
Tilv. 012/9149

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hagsmunl Íslands í loftslagsmálum — 138. löggjafarþing, 9. mál.

Loftslagsbreytingar sem stafa af losun gróðurhúsalofttegunda eru hnattrænt vandamál og þarf samstillt átak þjóða heimsins til að takast á við það. Afleiðingar loftslagsbreytinga munu líklega koma verst niður á þróunarríkjum, sérstaklega á þurrkasvæðum og lágsvæðum [1]. Hinar beinu skaðlegu afleiðingar hlýnunnar bitna líklega síst á þróuðum þjóðum í kaldtempruðum löndum, og þær geta því síst skorast undan að takast á við hinn hnattræna vanda.

Losun gróðurhúsalofttegunda hefur fleiri áhrif en að valda loftslagsbreytingum. Vitað er að súrnun sjávar er einn fylgifyiskur aukingar á styrk gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnunum [2]. Áhrif súrnunar á lífríki sjávar eru enn lítt þekkt, en vitað er um skaðlegar afleiðingar á kalkmyndandi lífverur sem eru mikilvægur hluti af vistkerfi hafsins [3]. Það þarf ekki að fjölyrða um hagsmuni Íslendinga þegar kemur að því að viðhalda vistkerfi sjávar.

Með ofanskráð í huga er ljóst að ítrustu hagsmunir Íslands hljóta fara saman með öðrum ríkjum heimsins, að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Ísland mun á næstu árum verða fullgildur aðili að viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir. Þetta þýðir að stóriðjufyrirtæki munu frá og með árinu 2013 (eftir að núverandi skuldbindingartímabili Kyoto bókunarinnar lýkur) fá losunarkvóta innan þess kerfis. Eins og bent er á í tillögunni býr Ísland við þá sérstöðu að hér er að finna gnótt endurnýjanlegra orkulinda, og þessi sérstaða mun nýtast innan viðskiptakerfisins, því heildarlosun vegna stóriðju hér á landi er minni en t.d. ef orkan er framleidd með bruna jarðefnaeldsneytis. Sérstaða Íslands mun því sjálfkrafa koma okkur til góða innan viðskiptakerfisins. Ákvæði nr. 14/CP.7 um áhrif einstakra verkefna á útstreymi á skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar („íslenska ákvæðið“) kæmi ekki að gagni innan viðskiptakerfisins, því úthlutun á grundvelli þess myndi stangast á við samninginn um hið evrópska efnahagssvæði.

[1] Sjá kafla 1.8 og 1.9 í Halldór Björnsson, Árný E. Sveinbjörnsdóttir, Anna K. Daníelsdóttir, Árni Snorrason, Bjarni D. Sigurðsson, Einar Sveinbjörnsson, Gísli Viggósson, Jóhann Sigurjónsson, Snorri Baldursson, Sólveig Þorvaldsdóttir og Trausti Jónsson. 2008. Hnatrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar. Umhverfisstofnun.

[2] <http://www.epoca-project.eu/index.php/Velkomin-a-vefsiou-EPOCA.html>

[3] Jón Ólafsson hafefnafræðingur, Fréttablaðið, 28. mars 2009.

Virðingarfyllt



Árni Snorrason
forstjóri VÍ